

# Réttindi nemenda samkvæmt lögum og reglugerðum

## Aðalnámskrá framhaldsskóla

Um próf - námsmat

„Nemendur, sem eiga við að etja fötlun og/eða sértæka námserfiðleika, þurfa ekki aðeins sérstaka aðstoð í námi heldur er oft óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi próf og annað námsmat og ber skólum að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni“ (Aðalnámskrá frh.sk., Almennur hluti, bls.47).

„Fatlaðir og langveikir nemendur, nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um frávík frá hefðbundnu námsmati. m.a. að ræða sérstaka samsetningu prófa, lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð í prófum, munnleg próf o.fl. Þá ber einnig að hafa í huga aðrar aðferðir við að meta námsárangur þessara nemenda heldur en þær sem almennt eru notaðar í skólum“ (Aðalnámskrá frh.sk., Almennur hluti, bls.47).

## Framhaldsskólalög frá júní 2008

Úr 34.gr. Nemendur með sérþarfir

„Nemendur með leshömlun skulu eiga aðgang að sérsniðnum námsgögnum eftir því sem við verður komið. Framhaldsskóli gerir grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.

Framhaldsskólar skulu leitast við að veita þeim nemendum sérstakan stuðning sem eiga við sértæka námsörðugleika að stríða eða veikindi.“

## **Grunnskólalög frá júní 2008**

17. gr. Nemendur með sérþarfir

„Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.“

Elín Vilhelmsdóttir tók saman